

24. FEBRÚAR 2023

Lagfært 17.4 m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar

# BREYTING Á AÐALSKIPLAGI HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026

BREYTINGAR INNAN ÞÉTTBÝIS Á HVAMMSTANGA



## Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	2
1.1	FORSENDUR .....	2
1.2	MARKMIÐ.....	2
1.3	SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR .....	2
2	EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR .....	4
2.1	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR .....	5
2.1.1	Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 .....	5
2.2	DEILISKIPULAG Í GILDI .....	5
2.3	Umhverfisáhrif .....	5
3	FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA .....	5
3.1	SKIPULAGSBREYTINGAR .....	5
3.1.1	Íbúðarsvæði .....	6
3.1.2	Frístundabyggð.....	7
3.1.3	Opið svæði .....	8
3.1.4	Verslun og þjónusta .....	8
3.1.5	Athafnasvæði .....	9
3.1.6	Iðnaðarsvæði.....	9
3.2	ÁHRIFAFAMAT.....	9
3.3	SAMRÁÐ .....	10
3.4	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU .....	10

Greinargerð þessari fylgir uppráttur dagsettur 24.2.2023

## 1 INNGANGUR

### 1.1 FORSENDUR

Í vinnslu er breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 þar sem breytt landnotkun, stækka reiti eða endurskilgreina landnotkun á nokkrum stöðum innan Hvammstanga. Deiliskipulagsbreytingar verða unnar samhliða aðalskipulagi og verða tillögurnar auglýstar samtímis.


### 1.2 MARKMIÐ

Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er að auka framboð íbúðarlóða og mismunandi húsagerða í sveitarfélaginu en mikil ásókn er í íbúðalóðir í sveitarfélaginu, en talsverði vöntun er á byggingarhæfum lóðum innan þéttbýlisins og er breytingin til þess gerð að koma til móts við þessa eftirspurn.

### 1.3 SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR


Breytingarsvæðin eru á nokkrum stöðum innan Hvammstanga eins og mynd 1 sýnir. Annars vegar er um ræða breytingu á íbúðarbyggð ÍB 9 við Lindarveg og hins vegar breytingar á íbúðarbyggð Í7 sunnan við Eyri og tilfærsla á landnotkunarreit AT3. Enn fremur skilgreining á svæði fyrir verslun og þjónustu við Lindarveg. Íbúðarsvæðið við Lindarveg er í uppbyggingu og eru þar risin nokkur íbúðarhús. Svæðið er skv. núgildandi skipulagi skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð en með þessari breytingu er verið að fella þá skilgreiningu niður. Svæðið sunnan og norðan við Eyri þar sem breytingin nær til, eru að mestu tún og beitarlönd og byggt hefur verið á öllum fjórum lóðunum á svæði ÍB7.

Talsverð fjölgun íbúa hefur átt sér stað í sveitarfélaginu á síðustu tveimur árum. Frá árinu 2012 fjölgaði og fækkaði íbúum á víxl allt fram til ársins 2019 þegar íbúum Húnaþings vestra tók mikið stökk og fjölgaði úr 1.170 í 1.240 þann 1. janúar 2022, eða um 70 íbúa.



Mynd 1. Mannfjöldaþróun í Húnaþingi vestra 2012-2022.


Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir svæðið og verður hún framkvæmd á vinnslutíma skipulagsins.



Mynd 2. Breytingin fjallar um þrjú svæðið sem merkt er inn á myndina (rauðir hringir).



## 2 EFNISTÖK AÐALSKIPLAGSBREYTINGAR



Mynd 3. Hluti þéttbýlisuppráttar aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026.

## 2.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi fyrir svæðið eru Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 (sjá mynd 3).

### 2.1.1 Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026

Breytingin er í samræmi við markmið aðalskipulagsins um íbúðarbyggð í þéttbýli, sbr. kafli 4.1.1 en þar segir:

*Markmið*

*Uppbygging íbúðarsvæða verði á hagkvæman hátt og nýti sem best þær grunnstoðir og þjónstuckerfi sem fyrir eru. Stuðlað verði að góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.*

*Leiðir*

- *Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúða-gerða og lóða.*
- *Ný svæði fyrir íbúðarbyggð verði í góðum tengslum við núverandi íbúðarbyggð og lokið verði við að nýta auð svæði innan núverandi íbúðarbyggðar áður en uppbygging hefst á auðum svæðum.*

Með breytingunni er ekki verið að leggja til það mikla aukningu á lóðum að hún verði umfram þá íbúðarþróun sem átt hefur sér stað í sveitarfélaginu, heldur er verið að nýta frekar núverandi innviði betur og byggja þau svæði upp sem hafa verið í uppbyggingu sl. ár.

## 2.2 DEILISKIPLAG Í GILDI

Í gildi er deiliskipulag austan Norðurbrautar sem samþykkt var 05.06.2012 og gerðar hafa verið fjórar breytingar frá samþykkt þess. Gera þarf breytingu á skipulaginu og fella út lóðir fyrir frístundahús og skilgreina íbúðarbyggð í staðinn.

Einnig er í gildi tvö önnur deiliskipulög og mun aðalskipulagsbreytingin kalla á breytingu á þeim. Um er að ræða deiliskipulag fyrir athafnasvæði við Búland sem samþykkt var 31.05.1999 og hefur verið gerð ein breyting á því skipulagi frá samþykkt. Einnig deiliskipulag fyrir smábýli við Höfðabraut sem samþykkt var 14.07.2003.

## 2.3 Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif breytingartillögunnar verða metin skv. 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

# 3 FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA

Lagður er fram breytingaruppdráttur á aðalskipulagi ásamt greinargerð. Samhliða verða lagðar fram breytingar á fyrrgreindum deiliskipulögum.

## 3.1 SKIPULAGSBREYTINGAR

Breytingin er í nokkrum liðum og fjalla um stækkun á íbúðarreitum og tilfærslur á landnotkunarreitum sem og niðurfelling á landnotkun.

Efnistöð aðalskipulagsbreytingar eru í nokkrum liðum og verða rakin í köflum hér að neðan.

## 3.1.1 Íbúðarsvæði

Gerðar eru nokkrar breytingar á kafla 4.1.1. um íbúðarbyggð.

Í fyrsta lagi er gerð breyting á reit ÍB-1 við Strandgötu, Spítalastíg, Klapparstíg, Húnabraut og Brekkugötu þar sem reiturinn stækkar um 0,22 ha í 11,5. Reitur VP-2 er felldur út. Í öðru lagi er gerð breyting á reit ÍB6. Reiturinn stækkar til norðurs og nær eftir stækkun yfir svæði sem skilgreint er sem athafnasvæði AT-3 og OP-3 sem er fellt út. Við það mun svæðið stækka um 1,5 ha og verða eftir stækkun um 2,4 ha. Í þriðja lagi stækkar íbúðarsvæði ÍB-7 til norðurs í áttina að ÍB-6. Stækkunin nemur um 2 ha og við bætast þrjár til fjórar lóðir, en núverandi svæði er fullbyggt og talsverð eftirspurn eftir viðbótarlóðum af þessari tegund. Í þriðja lagi er gerð breyting á reit ÍB-9 við Lindarveg. Eftir breytingu stækkar svæðið og verður eftir breytingu 2,2 ha og svæði F-1 er felld út.

Tafla um íbúðarbyggð á Hvammstanga fyrir breytingu:

Nr.	Heiti	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar (lóðir/ha)
ÍB-1	Við Strandgötu, Spítalastíg, Klapparstíg, Húnabraut og Brekkugötu.	Elstu hús staðarins, þar af sjö sem voru byggð fyrir 1920. Þetta svæði er full byggt. Heildarstærð 2,3 ha og nýtingin 11,3 íbúðir /ha.	26	0,08
ÍB-2	Svæði sunnan við Syðri-Hvammsá	Uppbygging við Garðaveg og Hvammstangabraut fram til 1960 og frá 1960-1970 innan um eldri hús. Milli 1970-1980 var haldið áfram við sömu götur auk þess sem Höfðabraut bættist við. Heildarstærð 10,0 ha. og nýtingin 9,1 íbúðir /ha.	91	0,11
ÍB-3	Svæði austan Norðurbrautar og norðan Syðri-Hvammsár	Melavegur og Hlíðarvegur þar sem byrjað var að byggja rétt fyrir 1980. Þar hefur mest verið byggt á síðustu tveimur áratugum. Nú á svæðinu 54 einbýlishús, 1 parhús, 2 raðhús. Samtals um 67 íbúðir. Samkvæmt deiliskipulagi bætast við 8 einbýlishús og þrjú tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 12-15 íbúðum. Nýtingarhlutfall einbýlishúsa 0,3-0,4 og fjölbýlishúsa 0,55.	90	0,10
ÍB-4	Svæði neðan Norðurbrautar Túnahverfi	Óbyggt hverfi þar er framtíðar íbúðarbyggingarsvæði fyrir Hvammstanga. Heildarstærð 6,4 ha og nýtingin 9,7 íbúðir /ha.	62	0,10
ÍB-5	Nestún	Á svæðinu er að finna íbúðir aldraðra og íbúðarhús. Heildarstærð 1,3 ha, þar af eru 16 óbyggðar lóðir.	28	0,02
ÍB-6	Við Eyri	Íbúðarsvæði með stórum lóðum. Heildarstærð 0,9 ha.	3	0,31
ÍB-7	Sunnan við Eyri	Íbúðarsvæði með stórum lóðum. Heildarstærð 5,2 ha. Nýtingarhlutfall 0,15. Fullbyggt.	4	1,82
ÍB-8	Smábýli austan við Höfðabraut	Lóðirnar eru um 0,6 – 1.0 ha að stærð með nýtingarhlutfall 0,15 eða lægra.	5	0,88
ÍB-9	Austan Kirkjuvegur	Íbúðarsvæði fyrir 8 einbýlishús, 2 parhúsaíbúðir og 8 raðhúsaíbúðir 1 hæð. Heildarstærð 1,3 ha. Svæðið er óbyggt. Nýtingarhlutfall 0,25-0,32.	10	0,08

Tafla um íbúðarbyggð á Hvammstanga eftir breytingu:

Nr.	Heiti	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar (lóðir/ha)
ÍB-1	Við Strandgötu, Spítalastíg, Klapparstíg, Húnabraut og Brekkugötu.	Elstu hús staðarins, þar af sjö sem voru byggð fyrir 1920. Þetta svæði er full byggt. Heildarstærð 2,3 ha og nýtingin 11,3 íbúðir /ha.	27	0,08
ÍB-2	Svæði sunnan við Syðri-Hvammásá	Uppbygging við Garðaveg og Hvammstangabraut fram til 1960 og frá 1960-1970 innan um eldri hús. Milli 1970-1980 var haldið áfram við sömu götur auk þess sem Höfðabraut bættist við. Heildarstærð 10,0 ha. og nýtingin 9,1 íbúðir /ha.	91	0,11
ÍB-3	Svæði austan Norðurbrautar og norðan Syðri-Hvammásár	Melavegur og Hlíðarvegur þar sem byrjað var að byggja rétt fyrir 1980. Þar hefur mest verið byggt á síðustu tveimur áratugum. Nú á svæðinu 54 einbýlishús, 1 parhús, 2 raðhús. Samtals um 67 íbúðir. Samkvæmt deiliskipulagi bætast við 8 einbýlishús og þrjú tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 12-15 íbúðum. Nýtingarhlutfall einbýlishúsa 0,3-0,4 og fjölbýlishúsa 0,55.	90	0,10
ÍB-4	Svæði neðan Norðurbrautar Túnahverfi	Óbyggt hverfi þar er framtíðar íbúðarbyggingarsvæði fyrir Hvammstanga. Heildarstærð 6,4 ha og nýtingin 9,7 íbúðir /ha.	62	0,10
ÍB-5	Nestún	Á svæðinu er að finna íbúðir aldraðra og íbúðarhús. Heildarstærð 1,3 ha, þar af eru 16 óbyggðar lóðir.	28	0,02
ÍB-6	Við Eyri	Íbúðarsvæði með stórum sjávarlóðum. Lóðir á bilinu 2-9.400 m <sup>2</sup> . Heimilt er að reisa 1-2 hæða einbýlishús, auk vinnustofu, gestahús innan hverjar lóðar en hámarksbyggingarmagn innan lóðar 750 m <sup>2</sup> Heildarstærð 2,4 ha. Leyfilegt að vera með aukaíbúðir allt að 80 m <sup>2</sup> í húsinu. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er leyfð innan þessa reits, þ.e. minni háttar gisting þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi og hefur rými fyrir 10 einstaklinga og færri.	4	0,31
ÍB-7	Sunnan við Eyri	Íbúðarsvæði með stórum lóðum. Heildarstærð 7,3 ha. Nýtingarhlutfall 0,15. Innan hverjar lóðar er heimilt að reisa 1 hæðar einbýlishús allt að 250 m <sup>2</sup> að grunnfleti, hesthús/gróðurhús/vinnustofu allt að 600 m <sup>2</sup> að grunnfleti. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar 900 m <sup>2</sup> .	7-8	1,82
ÍB-8	Smábýli austan við Höfðabraut	Lóðirnar eru um 0,6 – 1.0 ha að stærð með nýtingarhlutfall 0,15 eða lægra.	5	0,88
ÍB-9	Austan Kirkjuvegur	Íbúðarsvæði fyrir 14 einbýlishús, 1 parhús og 2 raðhúsaloðir. Samtals 27 íbúðir. Hús á 1-2 hæðum með flötu eða einhalla þaki. Heildarstærð 2,2 ha. Nýtingarhlutfall 0,25-0,32. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er leyfð innan þessa reits, þ.e. minni háttar gisting þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi og hefur rými fyrir 10 einstaklinga og færri.	17	0,08

### 3.1.2 Frístundabyggð

Felldur er út reitur F1 á Hvammstanga þar sem gert var ráð fyrir frístundabyggð austan Kirkjuvegur. Um er að ræða einu frístundabyggðina innan þéttbýlisins. Kaflinn helst að öðru leyti óbreyttur ef ske kynni að skilgreind verði önnur svæði innan þéttbýlisins í náinni framtíð. Reiturinn verður eftir breytingu skilgreindur sem íbúðarbyggð ÍB9.



### 3.1.3 Opið svæði

Fellt er út opið svæði sem er hluti af stærra svæði sem skilgreint er OP-3 en reiturinn fær aðra skilgreiningu og verður að athafnasvæði eftir breytingu. Við þessa breytingu minnkar svæði OP-3 um 0,5 ha.

Tafla um opin svæði á Hvammstanga fyrir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
OP-1	Almenningsgarður	Opinn garður fyrir almenning	1,3
OP-2	Útivistarsvæði	Útivistarsvæði í tengslum við íbúðarsvæði fyrir ofan Hvammstangabraut	95
OP-3	Útivistarsvæði	Útivistarsvæði í tengslum við íbúðarsvæði fyrir neðan Hvammstangabraut	31

Tafla um opin svæði á Hvammstanga eftir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
OP-1	Almenningsgarður	Opinn garður fyrir almenning	1,3
OP-2	Útivistarsvæði	Útivistarsvæði í tengslum við íbúðarsvæði fyrir ofan Hvammstangabraut	95
OP-3	Útivistarsvæði	Útivistarsvæði í tengslum við íbúðarsvæði fyrir neðan Hvammstangabraut	30,5

### 3.1.4 Verslun og þjónusta

Við breytingu er fellt út eitt svæði fyrir verslun og þjónusta, svæði VP-2, sem er hefur undanfarið ár verið nýtt sem íbúðahúsnæði og því fellt undir reit IB-1.

Tafla um verslun og þjónustu á Hvammstanga fyrir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
VP-1	Tanginn	Fullbyggt svæði á Tanganum fyrir verslun og ferðabjónusta.	0,9
VP-2	Strandgata	Verslunarsvæði við Strandgötu, á svæðinu er ein byggð lóð. Svæðið er ekki fullbyggt með NH. 0,1-0,3	0,21
VP-3	Verslun	Verslunarsvæði ein byggð lóð. Svæðið er ekki fullbyggt, NH 0,2-0,4	0,06
VP-4	Norðurbraut	Gistihús við Norðurbraut, ein byggð lóð. Svæðið er ekki fullbyggt, NH 0,2-0,4	0,26
VP-5	Brekkgata	Verslanir austan og vestan Brekkugötu. Fullbyggt	0,8
VP-6	Hvammstangabraut	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Fullbyggt.	0,16
VP-7	Verslunarsvæði	Veitinga- og bensínsala við Hvammstangabraut. Ein byggð lóð, ekki fullbyggt NH 0,2-0,4.	0,22
VP-8	Brandsvöllur	Smáhýsi í Kirkjuhvammi fyrir 18 hús byggð hafa verið 9 hús.	1,0
VP-9	Norðurbraut	Aðkoma að svæðinu annars vegar úr norðri frá aðkomu að sláturhúslóð og hins vegar að sunnan frá Hvammavegi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum lóðum. Byggingar 1-2 hæðir.	1,2

Tafla um verslun og þjónustu eftir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
VP-1	Tanginn	Fullbyggt svæði á Tanganum fyrir verslun og ferðabjónusta.	0,9
VP-3	Verslun	Verslunarsvæði ein byggð lóð. Svæðið er ekki fullbyggt, NH 0,2-0,4	0,06
VP-4	Norðurbraut	Gistihús við Norðurbraut, ein byggð lóð. Svæðið er ekki fullbyggt, NH 0,2-0,4	0,26
VP-5	Brekkgata	Verslanir austan og vestan Brekkugötu. Fullbyggt	0,8
VP-6	Hvammstangabraut	Svæði fyrir verslun og þjónustu. Fullbyggt.	0,16
VP-7	Verslunarsvæði	Veitinga- og bensínsala við Hvammstangabraut. Ein byggð lóð, ekki fullbyggt NH 0,2-0,4.	0,22
VP-8	Brandsvöllur	Smáhýsi í Kirkjuhvammi fyrir 18 hús byggð hafa verið 9 hús.	1,0

## BREYTING Á AÐALSKIPLAGI HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026

VP-9	Norðurbraut	Aðkoma að svæðinu annars vegar úr norðri frá aðkomu að sláturhúslóð og hins vegar að sunnan frá Hvammavegi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum lóðum. Byggingar 1-2 hæðir.	1,2
VP-10	Lindarvegur	Þrjú útleiguhús fyrir ferðaþjónustu. Alls 6 íbúðir með gistirými fyrir 24.	0,3 ha

### 3.1.5 Athafnasvæði

Svæði AT-3 mun færast yfir á svæði sem áður var hluti af I-3 en þar er gert ráð fyrir hreinlegum iðnaði við íbúðabyggingina og lögum þess breytast aðeins en svæðið minnkar örlítið eftir breytingu.

Tafla um athafnasvæði á Hvammstanga fyrir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
AT-1	Austan Höfðabrautar	Deiliskipulagt athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir 4 lóðum. Nýtingarhlutfall 0,3 -0,5. Óbyggt er 1450 m <sup>2</sup> .	1,5
AT-2	Búland	Deiliskipulagt athafnasvæðis. Nýtingarhlutfall 0,3-0,5. Óbyggt 360 m <sup>2</sup> .	3,8
AT-3	Atahafnasvæði	Deiliskipulagt athafnasvæðis. Nýtingarhlutfall 0,3-0,5. Óbyggt 3500 m <sup>2</sup> .	0,74

Tafla um athafnasvæði á Hvammstanga eftir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
AT-1	Austan Höfðabrautar	Deiliskipulagt athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir 4 lóðum. Nýtingarhlutfall 0,3 -0,5. Óbyggt er 1450 m <sup>2</sup> .	1,5
AT-2	Búland	Deiliskipulagt athafnasvæðis. Nýtingarhlutfall 0,3-0,5. Óbyggt 360 m <sup>2</sup> .	3,8
AT-3	Atahafnasvæði	Deiliskipulagt athafnasvæðis. Nýtingarhlutfall 0,3-0,5. Óbyggt 3500 m <sup>2</sup> .	0,5

### 3.1.6 Iðnaðarsvæði

Gerð er breyting á reit I-3 Vestan Höfðabrautar minnkar og breytist að hluta í AT-3 fyrir hreinan iðnað þar sem þetta svæði liggur að íbúðabygginginni.

Tafla um iðnaðarsvæði á Hvammstanga fyrir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
I-1	Norðurbraut	Iðnaðarsvæði sem ætlað er fyrir sláturhús	2,00
I-2	Norðan Eyrarlands	Byggt iðnaðarsvæði.	0,74
I-3	Vestan Höfðabrautar	Deiliskipulagt iðnaðarsvæði.	1,53

Tafla um iðnaðarsvæði á Hvammstanga eftir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Stærð ha
I-1	Norðurbraut	Iðnaðarsvæði sem ætlað er fyrir sláturhús	2,00
I-2	Norðan Eyrarlands	Byggt iðnaðarsvæði.	0,74
I-3	Vestan Höfðabrautar	Deiliskipulagt iðnaðarsvæði.	1,02

## 3.2 ÁHRIFAFAMAT

Breyting sem um ræðir á aðalskipulaginu er í nokkrum liðum og er ekki talin hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Með stækkun á íbúðarsvæðum ÍB-6 og ÍB-7 er verið að brjóta nýtt land undir byggð en um er að ræða framræst beitarnland eða móa. Aukið framboð lóða af þessari gerð mun þó hafa jákvæð áhrif á íbúðapróun þar sem um er að ræða eftirsóttar og stórar sjávarlóðir sem eru af

skornum skammti innan þéttbýlisins. Stækkun íbúðarsvæðis ÍB-9 hefur óveruleg áhrif þar sem í raun er verið að breyta notkun úr frístundabyggð yfir í íbúðarbyggð og verslun og þjónustu.

### 3.3 SAMRÁÐ

Skipulagslýsing vegna breytingarinnar var samþykkt af sveitarstjórn þann 8. desember 2022 og auglýst í kjölfarið. Auglýsingatíminn var frá 30. Desember 2022 til 27. janúar 2023. Lýsingin var send til Skipulagsstofnunar og leitað var umsagna hjá Helbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og Minjastofnun.

### 3.4 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU